

Samantekt: Gæðavísar í sjúkrahúsjónustu

Nemandi: Kristín Gunda Vigfúsdóttir

Sérsvið: Heilsuhagfræði

Dagsetning: Maí 2007

Markmið verkefnisins er tvíþætt: Annars vegar að kynnast notkun gæðavísa í umbótastarfi sjúkrahúsa. Hins vegar að draga fram safn af gæðavísum sem saman endurspeglar kjarnastarfsemi Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH).

Gæðavísar eru verkfæri sem gefa hlutlægar vísbendingar um gæði og árangur í þjónustu sjúkrahúsa. Niðurstöður þeirra nýtast sem hjálpartæki við hagkvæma ráðstöfun fjármagns og til að bæta vinnubrögð og vinnuferla sjúkrahúsa. Þeir eru í æ ríkara mæli nýttir í umbótastarfi sjúkrahúsa og hafa mörg þeirra þróað og safnað gæðavísum sem koma að mörgum sviðum þjónustunnar. Nú beinist áhuginn stöðugt meir að þróun mælikerfa fyrir sjúkrahús. Í þeim tilgangi er dregið fram safn af gæðavísum sem saman gefa heildstæða sýn á starfsemi sjúkrahúsanna. Markmiðið með hönnun mælikerfa er tvíþætt; annars vegar að gefa helstu hagsmunaaðilum upplýsingar um árangur sjúkrahússins en hins vegar að bæta gæði þjónustu þess. Það hafa verið farnar ólíkar leiðir í viðleitni til að þróa mælikerfi fyrir sjúkrahús og má greina ýmis vandamál við innleiðingu og virka notkun þeirra.

Við vinnu verkefnisins kom fljótt í ljós að til að draga megi fram safn af altækum gæðavísum sem endurspeglar kjarnastarfsemi LSH þarf mikla þekkingu á ýmsum sviðum, þ.m.t. á starfsemi sjúkrahússins. Því var nauðsynlegt að þrengja umfang verkefnisins og var ákveðið að beina sjónum að upplýsingaöflun sem nýtist sem undirbúningur fyrir hönnun mælikerfis. Höfundur setur þó fram tillögu að leið sem nýta má til að draga fram gæðavísa fyrir sjúkrahúsið og er þar stuðst við aðferðafræði stefnumiðaðs árangursmats. Til að vinna megi áfram með tillöguna þarf að kafa dýpra í starfsemi LSH en einnig að vinna undirbúning á fleiri sviðum. Efla þarf enn frekar skráningu og gagnasöfnun á LSH og ástæða er til skoða hvort önnur tegund gæðavísa en altækir séu betur til þess fallnir að gefa upplýsingar um þjónustuna þar.

